

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 6. sept 2017, kl 12.00. Fundur haldinn á bókasafni Grunnskólans á Reykhólum. Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.**

Formaður kynnti að Jón Örn Pálsson, væri forfallaður, leitað var til annarra varamanna í stjórn sem reyndust einnig forfallaðir.

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 23. ágúst 2017
2. Evrópuvika svæða og borga, Open days 2017.
3. Skólaþing
4. Fiskeldismál
5. Brothættar byggðir
6. Önnur mál.
7. Samgöngumál
  - a. Bréf SRN. Samgönguáætlun 2018-2029. Staðfesting á greinargerð.
  - b. Fundur með Reykhólahreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 23. ágúst 2017  
Fundargerð var áður send út með tölvupósti en er hér lögð fram til endanlegrar staðfestingar. Fundargerð samþykkt.
2. Evrópuvika svæða og borga, Open days 2017.  
Kynnt erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi Evrópuviku svæða og borga. Open days 2017, sem haldnir verða 9. – 12. október n.k. í Brussel. FV sótti þennan vettvang á árunum 2008, 2009 og 2010, auk þess að vera aðili að evrópska byggðaverkefninu REN REN (sjálfbærar orkulausnir, orkuflutningur og efling héraðsbundinna stjórnsýslu í orkumálum) til ársins 2014.  
Áhugi er fyrir að sækja þennan vettvang á þessu ári til að uppfæra þekkingu á þessu sviði. Framkvæmdastjóri kynnti áætlaðan kostnað miðað við að senda einn fulltrúa. Samþykkt að senda einn fulltrúa og komi hann úr stjórn að þessu sinni.
3. Skólaþing.  
Framkvæmdastjóri óskaði eftir að málið yrði tekið af dagskrá. Tillagan samþykkt.
4. Brothættar byggðir  
Kynntir minnisþing fundar 4. september s.l. með Árneshreppi, Byggðastofnun og FV.

Af fundinum kemur fram sú beiðni að stjórn FV skipi fulltrúa í verkefnastjórn Brothættar byggð fyrir Árneshrepp. Aðrir fulltrúar koma frá sveitarfélaginu, íbúum,

Byggðastofnun og fulltrúa frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. *Samþykkt að skipa Aðalstein Óskarsson, framkvæmdastjóra sem fulltrúa FV í verkefnastjórn.*

Af fundinum kemur fram að boðað yrði til fyrsta fundar undir lok september eða byrjun október n.k.. Þar yrði nánar rætt um framkvæmd verkefnisins m.a. um fyrirkomulag verkefnisstjóra, en FV hefur komið á framfæri áhuga að það yrði starfsmaður á vegum FV með fjárhagslegum stuðningi verkefnisins.

Mættur til fundar í síma, Gunnar Tryggvason, KPMG

#### 5. Fiskeldismál

Gunnar kynnti vinnu að skýrslu um úttekt á samfélags og efnahagslegum áhrifum fiskeldis við Djúp og gaf ádrátt um væntar niðurstöður skýrslunnar. Drög að skýrslunni muni liggja fyrir til yfirlestrar nú í lok vikunnar og lokaútgáfa gæti legið fyrir í næstu viku, með fyrirvara um athugasemdir FV.

Rætt um efni skýrslunnar. Stjórn bendir á að framundan er umræða í Alþingi um fiskeldismál á grunni skýrslu starfshóps sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytis um stefnumörkun í fiskeldi. Mikilvægt er því að kynna málstað Vestfirðinga og þá sérstaklega þætti er varða samfélags og hagræn áhrif fiskeldis á Vestfjörðum. Stjórn FV áréttar að eins mikilvægt sé tekið á líffræðilegum þáttum, þá séu félagvísindalegir þættir jafn mikilvægir í umræðu um málið.

Gunnar vék af fundi.

#### 6. Íbúafundur.

Staðfest að boðað verður til íbúafundar um málefni samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum, sunnudaginn 24. september kl 14.00 í Íþróttahúsinu Ísafirði. Til fundarins verða boðaðir ráðherrar ríkisstjórnar sem efni fundarins varða.

#### 7. 2. haustþing FV.

Framkvæmdastjóri kynnti efni tillögu að breyttri dagskrá 2. haustþings. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að útfæra dagskrá á grunni tillögu og senda stjórn til umfjöllunar.

#### 8. Önnur mál.

##### a. Ályktun um vanda sauðfjárræktar.

Framkvæmdastjóri kynnti efni samþykta sveitarstjórnar Strandabyggðar og bæjarráðs Vesturbyggðar um vanda sauðfjárræktar og tillögu sjávarútvegs og landbúnaðar vegna erfiðleika í sauðfjárrækt (kynnt á vef ráðuneytis 4. sept 2017).

Lögð fram tillaga að bókun stjórnar FV. Rætt um efni máls og eftirfarandi ályktun samþykkt.

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir áhyggjum af framtíð sauðfjárbúskapar á Vestfjörðum vegna fyrirsjáanlegar mikillar tekjuskerðingar í greininni. Sauðfjárrækt er víða lykilþáttur í atvinnu og samfélagsgerð sveitarfélaga á Vestfjörðum, sveitarfélaga sem hafa haft í vök að verjast með tilliti til byggða- og atvinnuþróunar.*

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að mótvægisáðgerðir sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra við erfiðri stöðu sauðfjárbúskapar, gangi of skammt til að mæta sérstæðum aðstæðum á Vestfjörðum. Stjórn FV bendir á að vegna fábreytni atvinnulífs og strjálbýlis er erfitt að finna eða sækja í aðra atvinnu til að styðja við rekstur sauðfjárbúa, því sé veruleg hættu á að sauðfjárbúum fækki á Vestfjörðum. Slík þróun er í raun ótæk með tilliti til hagsmuna sauðfjárræktar á Íslandi, þar sem Vestfirðir eru hreint svæði með tilliti til sauðfjársjúkdóma. Vestfirðir eru einnig sá landshluti þar sem vandi vegna ofbeitar er lítt til staðar og gæti landið í raun þolað meira beitarálag.*

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur því sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að gera úttekt á þeim tækifærum sem felast í sérstöðu sauðfjárbúskaps á Vestfjörðum. Slík úttekt verði nýtt til að vinna nýjar tillögur sem verði til að efla sauðfjárbúskap á Vestfjörðum í stað þess að draga úr honum.*

b. Fundargerðir landshlutasamtaka.

Lagðar fram til kynningar fundargerðir SSA, SASS, SSV og Eyþings frá því í ágúst.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að taka upp tvö önnur mál. *Tillagan samþykkt.*

c. Fundur með ferðamála, iðnaðar og nýsköpunarráðherra, 31. ágúst s.l..

Kynnt efni fundar sem hluti stjórnar og framkvæmdastjóri áttu með Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur ráðherra þann 31. ágúst s.l..

d. Endurskipan millipinganefndar um atkvæðavægi sveitarfélaga.

Á fundi stjórnar FV þann 23. ágúst s.l., var samþykkt skipan þriggja fulltrúa í millipinganefnd um atkvæðavægi sveitarfélaga. Tveir fulltrúar höfnuðu að taka sæti í nefndinni og var málið kynnt stjórn í tölvupósti og gerð tillaga að skipan nýrra fulltrúa.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að stjórn staðfesti skipan nýrra fulltrúa í nefndina sem hér segir, *Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað í stað Örnú Láru Jónsdóttur og Þóri Sveinsson í stað Friðbjargar Matthíasdóttur.*

*Tillagan samþykkt.*

9. Samgöngumál

a. Bréf SRN. Samgönguáætlun 2018-2029.

Lögð fram greinargerð með athugasemdum og ábendingum um framtíðarstefnu í samgöngumálum á Vestfjörðum, í aðdragandi undirbúnings samgönguáætlunar 2018-2029, í samræmi við bréf SRN, frá 19. júní s.l.. Greinargerðin byggir niðurstöðu fundar samgöngunefndar og stjórnar FV sem haldinn var þann 23. ágúst s.l. og var skilað til ráðuneytisins þann 31. ágúst s.l. á grundvelli samþykki í tölvupósti. *Stjórn staðfestir greinargerðina.*

- b. Fundur með Reykhólahreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð.  
Framkvæmdastjóri vísaði til samþykktar stjórnar FV frá 21. júní s.l. um að boðað yrði til fundar með sveitarstjórn Reykhólahrepps, til að ræða undirbúning framkvæmdaleyfis vegna Vestfjarðavegar 60 í Reykhólasveit.

Boðað hefur verið til fundarins í framhaldi af fundi stjórnar FV nú dag á Reykhólum. Jafnframt hefur fulltrúum úr bæjarstjórn Vesturbyggðar og sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps verið boðið til fundarins í samráði við Reykhólahrepp.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.45.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri